

U.S.A.

Carl
Fredrik
Hill

Carl Fredrik Hill

Kjarvalsstaðir

17.1–15.2 1981

Frá Þjóðarminnismuseuminni og Kjarvalssafni. Þjóðarminnismuseuminni er ófyrirvarað og ófyrirvarað meðal annarri fyrirvaraðum landsháskóla. Þjóðarminnismuseuminni er ófyrirvarað meðal annarri fyrirvaraðum landsháskóla. Þjóðarminnismuseuminni er ófyrirvarað meðal annarri fyrirvaraðum landsháskóla. Þjóðarminnismuseuminni er ófyrirvarað meðal annarri fyrirvaraðum landsháskóla.

Frá Þjóðarminnismuseuminni og Kjarvalssafni. Þjóðarminnismuseuminni er ófyrirvarað og ófyrirvarað meðal annarri fyrirvaraðum landsháskóla. Þjóðarminnismuseuminni er ófyrirvarað meðal annarri fyrirvaraðum landsháskóla. Þjóðarminnismuseuminni er ófyrirvarað meðal annarri fyrirvaraðum landsháskóla. Þjóðarminnismuseuminni er ófyrirvarað meðal annarri fyrirvaraðum landsháskóla.

Frá Þjóðarminnismuseuminni og Kjarvalssafni. Þjóðarminnismuseuminni er ófyrirvarað og ófyrirvarað meðal annarri fyrirvaraðum landsháskóla. Þjóðarminnismuseuminni er ófyrirvarað meðal annarri fyrirvaraðum landsháskóla. Þjóðarminnismuseuminni er ófyrirvarað meðal annarri fyrirvaraðum landsháskóla.

Frá Þjóðarminnismuseuminni og Kjarvalssafni. Þjóðarminnismuseuminni er ófyrirvarað og ófyrirvarað meðal annarri fyrirvaraðum landsháskóla. Þjóðarminnismuseuminni er ófyrirvarað meðal annarri fyrirvaraðum landsháskóla. Þjóðarminnismuseuminni er ófyrirvarað meðal annarri fyrirvaraðum landsháskóla.

Frá Þjóðarminnismuseuminni og Kjarvalssafni. Þjóðarminnismuseuminni er ófyrirvarað og ófyrirvarað meðal annarri fyrirvaraðum landsháskóla. Þjóðarminnismuseuminni er ófyrirvarað meðal annarri fyrirvaraðum landsháskóla. Þjóðarminnismuseuminni er ófyrirvarað meðal annarri fyrirvaraðum landsháskóla.

Frá Þjóðarminnismuseuminni og Kjarvalssafni. Þjóðarminnismuseuminni er ófyrirvarað og ófyrirvarað meðal annarri fyrirvaraðum landsháskóla. Þjóðarminnismuseuminni er ófyrirvarað meðal annarri fyrirvaraðum landsháskóla.

Með þessari sýningu á verkum eftir Carl Frederik Hill, sem gerð eru á því skeiði er hann var sjúkur, vill Svenska institutet, Kjarvalsstaðir og Sænska sendiráðið á Íslandi kynna einn af mestu snillingum sænskrar myndlistar, fyrir Íslendingum. Carl Frederik Hill, sem fæddur var árið 1849 og lést árið 1911, var sálsjúkur mestan hluta æfinnar. Í þeirri list, sem hann skóp á þessu skeiði, gæddi engra utanaðkomandi áhrifa frá ríkjandi listastefnum. Hann var knúinn innra afli til að tjá tilfinningar sínar og hugsanir og ríku ímyndunarafla. Með þeirri fullkomnu tækni sem hann bjó yfir skapaði hann fögur verk, og sem í stfl sínum fara nærrí nútíma myndlist. Þessi stíll hans hefur síðan haft mikil áhrif á seinni tíma listamenn.

Listasafnið í Malmö hefur góðfúslega boðið Kjarvalsstöðum þessa sýningu á verkum Carl Frederik Hill. Þessi sama sýning hefur áður verið haldin í Paris og Helsingfors. Það er von míni að þessi kynning á þessum hluta sænskrar menningar vekji áhuga hér á landi þar sem almennur áhugi um listir ríkir, og verði vel sótt.

Ethel Wiklund
Sendiherra Svíþjóðar á Íslandi

CARL FREDRIK HILL

Sænski listamaðurinn Carl Hill, sem var uppi um aldamótin, skipar sess meðal fremstu landslagsmálarra Svína. Á Frakklandsárum sínum gerði hann sér snemma glöggja grein fyrir því sem var að gerast í málalistinni, og hann varð fyrir áhrifum bæði frá impressionismi og expressionismi. Hin sorglegu örlog hans ollu því þó, að list hans hafði ekki nein meiri háttar áhrif á listpróunina í Svíþjóð, en ella má ætla, að hann hefði getað stuðlað að meiri skilningi á málalist samtíðarinnar. Skömmu eftir að veikindi hans fóru að ágerast, hann var haldinn kleyfhugasýki, sneri hann frá Frakklandi og hélt til Danmerkur, þar sem hann dvaldi um hríð, unz hann fór heim til Svíþjóðar. Hann bjó síðan í Lundi til æviloka og lifði þar kyrrlátu lífi og hafði sig ekkert í frammi. Saga hans og list voru nánast óþekkt þar til eftir að hann var láttinn.

Það safn, sem á flest olíumálverk og teikningar eftir Carl Fredrik Hill, er Malmö Museum. Árið 1916 keypti safnið í fyrsta sinn olíumálverk eftir listamanninn og það herfur alla tíð síðan haldið áfram að safna verkum eftir hann. Á þriðja áratugnum gaf fröken Hedda Hill og Föreningen Malmö Musei Vänner – Vinir Málmeyjarsafnsins – safninu olíumálverk og teikningar. Eftir lát Heddu Hill árið 1931 gáfu ættingjarnir að tilstuðlun Malmö Musei Vänner, Málmeyjarsafninu meirihluta þeirra listaverka sem Carl Fredrik Hill létt eftir sig. Þessi verk voru í vörzlu systra hans að honum látnum. Starfsævi C F Hills er oft skipt í tvö skeið. Það fyrra, fríkska skeiðið, nær yfir þann tíma sem hann var við Listakademíuna í Stokkhólmi og Parisarárin, og það síðara, sjúkdóms-skeiðið, byrjar þegar hann er fluttur á einkasjúrahús dr. Blanche í París og nær síðan yfir árin í Lundi fram til dauða hans árið 1911. Fjölmörg verk frá báðum þessum skeiðum eru f eigu Málmeyjarsafnsins. Frá fríkska skeiðinu eru 20 olíumálverk og frá því síðara rúmlega 2.600 teikningar og nokkur olíumálverk.

Ævi Hills, reynsla hans og tilfinningar eru í nánum tengslum við list hans. Til þess að auðvelda skilninginn á verkum hans ætla ég að bregða upp mynd af ævi hans og hugmyndaheimi.

Carl Fredrik Hill var fæddur í Lundi 31 maí 1849. Foreldrar hans voru prófessor Carl Johan Hill og Charlotte Hill, fædd Rudelius. Hann átti fjórar systur og hét sú elzta þeirra Hedda. Hún var stoð hans og stytta öll veikindaár hans, þegar hann bjó á heimili þeirra í Lundi. Charlotte systir hans dó þegar hún var 21 árs og hennar gaettir hvergi í verkum hans. Marie Louise var listhneigð og hún var venjulega í fór með honum, þegar hann brá sér í ferðalög í Svíþjóð til að mala. Anna var uppáhaldssystir hans. Hún átti við veikindi að striða allt frá barnæsku. Hún dó meðan hann var í París. Eina styttan eftir hann, sem vitað er um, er af henni.


Faðir hans, Carl Johan Hill, var prófessor í stærðfræði og sérvitur með afbrigðum. Hann var einkar hagsýnn og honum áskotnaðist tölverður auður um ævidagana. Hann var þó ekki nízkur og átti það oft til að veita stúdentum lán, þegar þeir leituðu til hans í nauðum sínum. Einkennandi fyrir skapgerð hans var, að hann var haldinn mikilli tortryggji í garð allra í umhverfi sínu og hann hafði alltaf á tilfinningunni að hann væri beittur óréttvísí. Málaferli deilur og skuldakröfur voru daglegir liðir í lífi hans.

Prófessorinn samdi allmargar kennslubækur. Bækur þessar voru þó svo torlesnar, og þar að auki að nokkru leyti skrifsaðar samkvæmt hans eigin kerfi, að það voru mjög fáir, sem höfðu eitthvert gagn af heim.

Móðir hans, Charlotte, var ekki sérlega sterkbyggð og sjálfsbjargarviðleitni hennar var ekki nægilega rík, til þess að hún gæti staðið gegn manni sínum. Hún var andlega kúguð og viljalítill og hún gat því aldrei miðlað í milli feðganna, þegar ósamlyndi þeirra og deilur fóru að ágerast.

Carl Fredrik Hill lauk stúdentsprófi í Lundi árið 1870. Eitt ár hafði hann þurft að sitja eftir í bekk. Trúlega hataði hann skólanámið og einkunnir hans bera þess merki, að hann hefur varla lagt mikið á sig við skólanámið. Flestallar einkunnir hans voru lakar nema einkunin í teikningu sem var undantekning. Það var að öllu leyti teiknikennara hans, Axel Hjalmar Lindqvist, að þakka. Það er sagt að Carl Fredrik helzt af öllu færi einförum og að hann blandaði ógjarna geði við skólaufélaga sína. Hann var afar uppstökkur og átti það til að rjúka upp í reiði án minnsta tilefnis. Lindqvist skildi vel þennan veiklynda og einförla dreng og honum tókst að fá hann til að leggja rækt við dulda teiknihæfileika sína.

Að loknu stúdentsprófi vildi Carl Fredrik, að áeggjan teiknikennara síns, halda til Stokkhólms og náms við Listaakademíuna og verða listamaður. Það er auðvelt að gera sér í hugarlund það reiðikast sem greip főður hans, þegar hann sagði honum af fyrirætlunum sínum. Faðir hans var á engan hátt fjandsamlegur listum og menningarlfí. Hann tók mikinn þátt í menningarlfínu, las mikið af bókum og fór oft í leikhús. Honum fannst þó gersamlega óhugsandi að sonur hans menntaði sig til svo ónytjugs starfa sem listamannsins. Hann var á þeirri skoðun, að Carl Fredrik ætti að afla sér háskólamenn-tunar eins og hann, og leita sér frama á háskólabrautinni. Eftir miklar og rammar deilur milli þeirra feðga létt Carl Fredrik undan og létt innrita sig við háskólann til náms í fagurfræði. Því fór þó fjarri að hann hefði gefið upp allar vonir sínar um listabrautina og hann gat ekki hugsað sér að halda áfram við háskólann. Hann reyndi margssinnis að fá főður sinn til að fallast á, að hann fengi að fara til Stokkhólms til náms við Lista-akademíuna. Faðir hans stóð fastur við fyrra skoðun sína og svarið var alltaf gallhart nei, unz Marie Louise, systir Carls Fredriks, hotaði að fara ásamt bróður sínum til Stokkhólms. Þar hafði hún hugsað sér að hjálpa honum og vinna fyrir honum. Þá létt faðir hans eftir honum, þó með því skilyrði að Marie Louise færí hvergi.



Carl Fredrik kom til Stokkhólms haustið 1871 fullur eftirvæntingar og ákafa að fá að byrja námið við Listaakademíuna. Hann varð samt fljótlega fyrir miklum vonbrigðum með stofnunina og kennsluhættina þar. Bæði hann og margir aðrir námsfélaga hans áttu erfitt með að sætta við þann strangleika sem ríkti þar, gamaldags rykfallna starfs-hætti og jafnframt þá miklu andúð sem var ríkjandi gagnvart öllu nýjabrumi í listaheiminum.

Brátt fór einnig fjárhagur hans að versna. Þeir peningar, sem faðir hans sendi honum nægdu honum hvergi nærri, því að upphædirnar voru ekki miklar. Hann hefði samt ekki átt að þurfa að lenda í neinum fjárhagsvandræðum, ef hann hefði eitthvað kunnað að

fara með peninga. Carl Fredrik hafði greinilega ekki erft hagsýni föður síns. Hann skrifaði bréf í sifellu og fór fram á að fá meiri peninga. Hann fékk alltaf sama svar frá föður sínum ásamt áminningum um að gæta ýtrustu sparssemi og jafnframt hvatningu um að taka að sér kennslu sem teiknikennari. Það mundi veita honum fastar og öruggar tekjur. Carl Fredrik hafnaði þessari tillögu án þess að hika. Föður hans fannst þó að hann ætti að geta haft eitthvert gagn af honum, úr því að hann á annað borð var í Stokkhólmi, og sendi hann á hina og þessa hluthafafundi. Carl Fredrik hafði hina mestu óbeit á þessu. Ef til var það til þess að hefna sín fyrir þetta, sem hann seinna á ævinni teiknaði naktar konur á hlutabréf.

Carl Fredrik var óánægður með lífið og tilveruna og kennsluna við Listaakademíuna og áhugi hans beindist nú í aðra átt, nefnilega að sjúkdómum. Hann sendi foreldrunum bréf og lýsti fyrir þeim hversu hrjáður hann væri af hinum ýmsu sjúkdómum. Þessi árátta hans og svo einnig fjárhagsvandræði fylgdu honum síðan, þegar hann fór til Frakklands.

Meðan hann dvaldi í Stokkhólmi fer að bera á ýmsum þáttum í fari hans, sem verða ríkari og meira áberandi þegar lengra líður fram. Hann leit til dæmis svo á, að hann væri yfir alla aðra hafinn. Jafnframt fannst honum allir aðrir líta sig öfundaraugum og að hann væri ofsóttur. Allt þetta hafði hann erft frá föður sínum eins og áður er getið.

Þróystingurinn frá föður hans og löngun hans sjálfs til að sýna að hann dygði til einhvers, leiddi til að hann var haldinn sifelldum óróa og hann gat aldrei einbeitt sér að neinu. Þetta fylgdi honum síðan alla ævina og gerði honum ókleyft að staldra við eitt andartak og yfirvega stöðu sína í ró og næði eða þroskast og verða sjálfstæður í samræmi við alla þá miklu listagáfu som honum hafði hlotnæzt í vöggugjöf. Þetta ágerðist meir og meir á Parísarárum hans. Hann gat aldrei ákveðið sig né haldið sig við neina stefnu til lengdar. Það mætti kannski segja að margt hafi rekið á fjörur hans, sem hann hafi tekið upp um styttri tíma, en að hann hafi aldrei getað brotið neitt til mergjar heldur látið sér það duga að kynna sér stefnuna eingöngu á yfirborðslegan hátt.

Vonbrigði hans yfir Listaakademíunni og yfirdrifnar vonir hans um frægð og frama, sem ekki rættust, gerðu honum smám saman dvölinu í höfuðborginni nánast ábærilega. Með mjúkmælgi og fortölum tókst honum um síðir að fá föður sinn til að fallast á að hann fengi að fara til Parísar. Á þeim tíma var það óskadraumur margra listamanna að komast til Parísar. Í augum Carls Fredriks var París sú borg, þar sem hann helzt ætti von á að menn gerðu sér grein fyrir snilli hans og hann vænti þess að hamingjan biði hans þar bæði í liki frægðar og fjárhagslegs sjálfstæðis.

Haustið 1873 hélt Carl Fredrik áleiðis með skipi til Lübeck og þaðan fór hann með lest til Parísar. Þar með kvaddi hann þann heim, sem hann átti aldrei afturkvæmt til. Nokkrum árum seinna þegar hann kom til baka lifði hann í sínum eigin heimi, heimi geðklofa manns. Á skipinu hitti hann annan sánskan listamann, Ernst Josephson. Örlög þeirra beggja urðu mjög svipuð.

Þegar hann kom til Parísar leigði hann sér vinnustofu á Montmartre. Fyrstu mánuðina notaði hann til þess að kynna sér verk gömlu meistaranna í Louvresafninu og samtiðarlistinni í Luxembourgsafninu og í gallerfunum.

Hill var mikill aðdáandi verka sænska listamannsins Alfreds Wahlbergs, sem hafði dvalið alllengi í París. Wahlberg ráðlagði honum að gerast ekki nemandi neins frægs meistara, því að eina leiðin til að ná frægð og frama í París væri sú að vera nógu frumlegur. Það er mjög sennilegt að þessi hvatning hafi orðið til þess að auka enn meira þann óróa, sem hann bar í brjósti og átti rætur sínar að rekja til allra þeirra miklu vona sem hann hafði bundið við veru sína í París. Hann hafði ríka þörf fyrir samskipti við þá sem voru í kringum hann og hann umgekkst mikið þá sænsku listamenn, sem dvöldust í París. Um þetta leiti hann framtíðina björtum augum.

Sumarið 1874 flutti hann út til Barbizon í Fontainbleauskóginum. Þangað leituðu margir landslagsmálarar og varð þessi staður miðstöð þeirra. Þarna kynntist hann og varð góðvinur ungversku málaraðna Michael Munkácsy (1844–1900) og Lászlo Paál (1846–1879). Einnig kynntist hann þýzka málaranum Max Liebermann (1847–1935), sem síðar gegndi mikilvægu hlutverki í lífi Hills. Það var kannski ekki svo mikið vegna málaralistar hans heldur öllu fremur vegna persónulegra eiginleika hans og fljúgandi gáfna – Hill þýddi m.a. „Brand“ eftir Ibsen á þýzku fyrir hann- og ekki hvað sízt vegna þess að hann var fullur skilnings á vandamálum Hills, sem var sálfræðilega afar flókin persóna.

Alla tíð frá því að Hill byrjaði við Listaakademíuna í Stokkhólmi og ekki hvað sízt eftir að hann kom til Parísar, var það takmark hans að verða frægur og ríkur. Í Frakklandi var næstum bara ein leið til að ná þessu takmarki og það var að fá verk eftir sig tekið til sýningar á Parísarsýningunni. Hill vann af kappi veturinn 1874–75 við verk sem hann sendi dómnefndinni og 1875 fékk hann mynd eftir sig tekna til sýningar á Parísarsýningunni. Myndin var málusíð í anda luminarismans, þ.e.a.s. stemmningarmynd þar sem dökkir skuggar og mótljóshrif skiptast á. Oft var notað asfaltmálaður dúkur. Um langa hrið var Camille Corot fremsti fullrúi þessarar stefnu. Hill leit á Corot sem fyrirmund sína og hann keypti meira að segja nokkur verk eftir Corot. Hill fékk nokkra góða dóma í sænskum blöðum vegna myndarinnar, sem var sýnd á Parísarsýningunni. Allt þetta styrkti hann í trúnni á framtíðina. Nú hélt hann að viðurkenningin væri á næsta leyti, og að myndir hans ættu eftir að hanga á Parísarsýningunni á hverju ári héðaneftir. Vonbrigði hans urðu þess vegna gifurleg, þegar hann varð fyrir mótlætinu. Hill fékk aldrei aftur mynd eftir sig sýnda á Parísarsýningunni. Hann var æ síðan í hópi þeirra, sem ekki fengu myndir sínar viðurkenndar af dómnefndinni.

Sumarið 1875 yfirlgaf hann París og fór heim til Svíþjóðar til að heimsækja fjólskylduna. Daginn eftir heimkomu hans dó faðir hans. Það hefði kannski mátt ætla, að þetta kæmi sem léttir fyrir Carl Fredrik. Nú mundi hann sleppa við sífelldar áminningar föður síns. Áminningar um að hann skildi finna sér vinnu og að hann gætti sparssemi og færi vel

með það fé, sem hann fékk sér sent til upphalds. Arfurinn eftir föðurinn gerði hann tiltölulega sjálfstæðan fjárhagslega og hann ætti að hafa getað leyft sér að gera allt það sem hann lysti og fram til þessa bara látið sig dreyma um. Faðir Carls Fredriks hvarf þó ekki úr hugarheimi hans. Þvert á móti var eins og hann væri meira nálægur en nokkru sinni fyrr. Carl Fredrik hataði aldrei föður sinn og varð nú gripinn órvæntingu yfir því að geta ekki sýnt föður sínum fram á hversu miklar gáfur hans væru og frami hans og frægð mikil. Þessi ósk hafði verið aðaldrifffjöldur hans alla tíð meðan faðir hans lífði, og nú var ekki haegt að uppfylla hana. Þetta kom af stað sifelldri innri baráttu, sem Carl Fredrik háði án þess að geta unnið.


Næsta haust fór Hill aftur til Parísar. Hann flutti inn í nýja vinnustofu og hann einangraði sig meir og meir frá öllu umhverfi sínu, og hann hætti nánast að umgangast listamannafélaga sína.

Næsta ár var haldin heimssýning í Philadelphia og Hill var sannfærður um að hann yrði fulltrúi sænskrar málaralistar á sýningunni. Þetta varð til þess að hann tók til við að mála af miklum ákafa og elju, og hann lauk við nókkur verk. Smám saman glataði hann samt vinnugleðinni og kraftar hans þurru og hann sendi aldrei neina mynd til sýningarinnar. Honum fannst allt vera sér andstætt og hann fmyndaði sér að hann væri haldinn alls kyns sjúkdóum. Hill leit nú jafn dökkum augum á lífið og tilveruna og hann gerði á árunum við akademíuna í Stokkhólmi.

Í apríl 1876 var haldin impressionistasýning í París. Sennilega hefur Hill sótt sýninguna, því hann tekur nú að mála á nýjan máta. Í stað dökku litanna notar hann núljósa liti og allur blærinn yfir myndunum er miklu léttari. Það er eins og umbreyting hafi gerzt og að hann hafi átt að sig á því, að hann hafi fundið eitthvað, sem gæti veitt honum þroska og orðið listagáfu hans til styrktar.

Vonbrigði hans vegna þess að dómnefnd Parisarsýningaránnar hafnaði verki hans til sýningar, þrátt fyrir það að hann hefði skipt um stíl, urðu til þess að hann yfirlaf París og dvaldist úti á landsbyggðinni í nágrenni Parísar í júní og júlí. Myndir hans frá þessum tíma eru fremstu verkin á listaferli hans. Í bréfi sem Hill skrifði um þetta leyti segir hann: „Ég er nú orðinn sannfærður um það, að í listinni tjáir ekki að leita neins nema hins sanna, le vrai, en ekki þess sem er ómerkilegt, eftirlíking náttúrunnar, eingöngu að leita hjarta hins sanna“.

Í ágústmánuði sama ár fór hann til Luc-sur-Mer. Það er eins og hafið hafi lyft af honum þungrí byrði. Hann gleymdi öllum erfiðleikum sínum og mótlæti um sinn. Sköpunarmáttur hans var mikill og hann malaði hafið og ströndina og gerði sér greinilega glögga grein fyrir mikilvægi ljóssins í myndlistinni. Hann gerði bara einföld drög að myndunum og utfærði eingöngu það af fyrirmyndinni sem mestu máli skipti en létt allt annað eiga sig.



Hill sendi nokkur verk eftir sig til dómnefndarinnar fyrir Parísarsýninguna 1877 og voru öll verkin í þessum stíl. Þegar öllum þessum verkum var hafnað sneri hann aftur út á landsbyggðina og fór til Bois-le-Roi og síðan til Champagne, til þess eins að koma sér burt frá París og öllu því, sem tilheyrði borginni. Þarna fann hann náttúrufegurð, sem var svo mikil að hann mátti vart mæla fyrir hrifningu. Enn á ný var-sem hann leystist úr álögum og hann bryti af sér allar hömlur og sköpunarkraftar hans nutu sín í rískum mæli. Það er eins og blómstrandí ávaxtatrén, sem hann málaði, væru tákni fyrir frískan heim, fullan vona, sem nýlega hefðu vaknað.

Smám saman ágerðist kleyfhugasýkin og það bar æ meira á því að hann héldi sig vera ofssóttan og einst því að hann teldi sig vera mikið stórmenni. Hann hafði algjörlega einangrað sig, og þá sjaldan að hann hitti landa sína neitaði hann að tala við þá á sánsku, því að eina málid sem hann talaði væri franska. Hann breytti útliti sinu og ytri háttum. Hann trúði því fastlega sjálfur, að hann mundi verða frægur innan árs og þá mundu listaverk hans verða keypt fyrir geypiháar upphædir. Í samræmi við þetta leit hann svo á, að til þess að verða frægur, þá yrði hann að ganga ríkmannlega til fara og hann keypti sér íburðarmikinn og dýran fatnað, ný húsgögn og annað eftir því.

Smátt og smátt breytast fyrirmyndirnar í verkum hans. Í stað þess að mála opið og greinilegt landslag fer nú sifellt meira að bera á hinu og þessu sem hann dregur fram úr hugarheimi sínum og þeim veruleika sem hann einn sá.

Um nýársleytið 1878 versnaði sálarástand hans svo mjög, að það þurfti að flytja hann á sjúkrahús. Hann var þá fluttur á einkasjúkrahús dr. Blanche í Passy í París, en það var eitt bezta einkasjúkrahúsið í Frakkklandi á þeim tíma.

Vinir hans eyðilögðu þau verk, sem hann málaði á þessum tíma, því þeim fannst þau ýmist vera fáránleg eða óviðurkvæmileg.

Sumarið 1880 var Hill fluttur á S:t Hans H-spítal í Hróarskeldu í Danmörku og um það bil tveimur árum seinna var hann loks fluttur heim til Lundar. Þar tók fjólskyldan við honum og sá um hann þar til hann dó árið 1911.

Kleyfhugasýkin, sem Hill var haldinn, hafði búið um sig í honum um langa hrið, en brauzt út endanlega í París. Vísindamenn hafa komið að því að Hill muni hafa þjáðst af því afbrigði sjúkdómsins, sem lýsir sér einkum í að veruleikaskynið brenglast á ákeðinn máta og enn fremur að þessu fylgi ímyndanir um ofsóknir og mikilmennsku sjúklingsins. Með því að kynna sér teikningar hans frá þessum tíma og jafnframt með stoð í því, sem vitað er um sjúkdóminn almennt, er unnt að gera sér í hugarlund, hvernig hugarheimur hans hafi liðið út.

Í Lundi lifði Carl Fredrik rósemendarlifi. Hann fór reglulega í ferðir til Kaupmannahafnar og Stokkhólms, þar sem hann heimsótti systur sína. Á þessum tíma var það ekki venja að tala hátt um geðsjúkdóma og það er því afar sennilegt að fjólskyldan hafi reynt að vernda hann og dylja fyrir ókunnugu fólkis, að svo miklu leyti sem unnt var. Sjúkdómurinn gaf sig ekki til kynna á neinn of safenginn hátt. Daglegt líf hans var skipulagt í minnstu smáatriðum. Hann fór á fætur á ákeðnum tíma, borðaði morgunverð, hádegisverð, vann o.s.frv.. Á Stokkhólms- og Parísarárunum varð hann hinn mesti sälkeri og stóð hvergi nærrí á sama um hvað hann át og drakk. Hann drakk alltaf vín með matnum og þegar móðir hans lézt, kom í ljós, að hún hafði látið skrifa inn' í erfðaskrá sína, að það yrði að sjá til þess að Carl Fredrik fengi alltaf hálfa flösku af vini með matnum. Hann sat oftast þögul- við matborðið og tók ekki þátt í borðsamræðum. Hann átti það til að skella uppúr allt í einu og segja eitthvað, sem benti til þess að hann talaði við sjálfan sig eða þá við gesti, sem ekki voru sýnilegir við matarborðið.

Á fyrri hluta listamannsbrautar Hills, þ.e.a.s. fríkska skeiðinu, málaði hann flestallar myndir sínar í olfilitum. Á síðara skeiðinu, júkdómskeiðinu teiknaði hann aðallega með krit, blýanti og tússi eða málaði með vatnslitum. Það var eflaust fyrst og fremst af hagkvæmniástæðum sem hann hætti að mála með olfilitum og þá kannski fyrst og fremst vegna þess að litirnir og striginn voru svo dýrir. Það var heldur ekki auðvelt að fá nægilega mikið af teiknipappír handa honum. Skilningur fjölskyldunnar á myndum þeim, sem hann teiknaði, var heldur ekki alltof mikill, og það lá því beinast við að skera niður þá kostnaðarliði sem voru stærstir. Strigi og olfilitir kostuðu mikið en pappír og krit voru tiltölulega ódýr. Hann teiknaði mikið og fullgerði stundum 8–10 myndir á dag svo að kostnaðurinn varð tölverður prátt fyrir allt. Fjölskyldunni fannst því stundum þörf að skammta honum teiknipappír. Þá teiknaði hann á allt, sem hann gat náð í og hann teiknaði m.a. á gömul pappírsblöð með stærðfræðilegum útreikningum föður síns.

Sjúkdómur Hills átti rætur sínar að rekja til ósamstæðrar persónumótunar í barnæsku hans. Þessi sálraðni klofningur gerði það oft að verkum að Hill átti erfitt með að átta sig á heildarsamhenginu í umhverfi sínu og jafnframtað að taka ákvarðanir sem væru í samræmi við skilning hans á umhverfinu. Oft fannst honum að hann væri margir einstaklingar, sem allir lifðu hlið við hlið í líkama hans. Hann átti afar auðvelt með að sjá sjálfan sig í öðrum og jafnframtað því fannst honum hann eiga það vald og myndugleika sem tilheyrði þeim, sem hann taldi sig vera. Teikningar Hills gegndu töfrahlutverki fyrir hann jafnframtað því fagurfræðilega. Hvert þessara hlutverka sem yfirgnæfði á hverjum tíma var breytilegt eftir því á hvaða stigi sjúkdómurinn var og hversu brenglað skyn hans var.

Sálkönnuðurinn velþekkti, C. G. Jung, hefur sýnt fram á að það er samband í milli hugsanagangs geðklofa einstaklings og galduðs. Hill áleit að hann gæti galdrarð fram nýjan raunveruleika, sem væri á valdi hans og þar hann réði gangi allra mála. Sá heimur, sem hann skapaði þannig, var samt ekki fastmótaður né óbreyttilegur. Hill sveiflaðist í sifellu milli ööryggis og hamingjutilfinninga og kemur þetta fram í myndum hans, sem ýmist bera svip dýpstu angistar og einmanaleika og hámarks gleði og hamingju.

Með myndum sínum gat hann magnað fram og náð valdi á þeim illu öflum, sem sifellt voru að elta hann. Hann teiknaði oft dýr og þá sérstaklega myndir af ljónum og filum, sem áttu að geta verndað hann og varið. Í magnþrunum ástarlífsmyndum heyr hann baráttu við kynhvatarnar. Hill var uppalinn í anda samtíðarinnar, sem leit á sjálfssfróun sem viðurstygglega og óheilsusama og þetta olli honum mikilli angist og fyllti hann af sjálfssásökunum. Margar teikninga hans sýna afskorinn getnaðarlim hans og hann reyndi á þann hátt að losa sig við undirrót lostans.

Með túspennann í hendi gat hann reist sér stórar hallir og þar sklaðdi hann sig jafnframta hlutverki einhvers mikilmennis úr veraldarsöggunni. Á þennan hátt gat hann skipað sér í hvern þann sess í sögunni, sem hann girntist og þráði. Umhverfið í höllum hans var alltaf stórglæsilegt og félí vel að stórmennskubrjálæði hans. Stundum nægði

honum ekki gerfi mikilmenna veraldarsögunnar og þá setti hann í þeirra stað ýmsa guði, einkum í líki stjörnumerkja sem réðu gangi alheimsins. Hann dreymdi alla tíð um auð og ríkidaemi og þennan draum gat hann uppfyllt í hugarheimi sinum með því einu að teikna með gull- eða silfurlitum. Þegar liturinn hafði festst á pappírnum fannst Hill sem umbreyting hefði átt sér stað og það sem myndin sýndi væri raunverulegt silfur og gull. Hann vildi stundum sýna gamla listaverkasalanum sínum í París að hann hefði náð takmarki sínu og þá nægði Hill það að skrifa nafn hans á teikninguna. Þetta jafngilti því fyrir Hill að hann hefði sýnt honum verkið.

Á seinni árum hafa vísindamenn fengizt við að reyna að finna fyrirmynndirnar að myndum Hills. Þeir hafa komið að því að reynsla hans frá funum ður en hann varð sjúkur gegnir miklu hlutverki þar. Þegar Hill fannst þetta ekki nægja sótti hann hugmyndir sínar í myndskreyttar samtiðarbókmennir og vikublöð svo og ferðir sínar til Kaupmannahfnar og Stokkhólms. Þessum fyrirmynnum og áhrifum breytti Hill síðan og aðlagði í myndum sínum þeim þörfum, sem hann hafði hverju sinni, svo hann gæti náð takmarki sínu og sagt það sem hann vildi. Hann gat þannig útvíkkað heim sinn og þar með komst hann hjá því að endurtaka sig í myndum sínum eða að þær yrðu innihaldslega fátækar þó svo að hann hrærðist í sínum eigin lokaða heimi.

Teikningarnar frá sjúkdómsskeiðinu hefur ekki tekizt að tímasetja að öllu leyti. Ein göngu þrisvar sinnum er vitað til að Hill hafi sjálfur dagssett teikningar sínar. Teikningunum er þess vegna venjulega raðað eftir tækni og efnisvali og af þessum sökum er ekki neitt tillit tekið til þess að myndirnar geta verið frá mjög mismunandi tíma. Þegar eitthvað hefur streymt neðan úr undirmeðvitundinni upp á yfirborðið, án þess að mæta neinum hindrunum, og síðan verið teiknað niður á blað í formi myndar, sem sýnir eitthvað upprunalegt og óháð, þá má ætla að sá, sem horfir á myndina finnist hún sýna eitthvað gamaldags og almenns eðlis. Sjúkdómur Hills tók oft á sig mynd djúpra angistartilfinninga og innra upplausnarástands, sem hann losaði sig úr með því að teikna það niður á blað og gefa því skírt og ákveðið form. Listahæfileikar hans og teiknisnilld og almennt gildi teikninganna gerir það að verkum að þær eru ekki úreltar og þær geta vakið áhuga okkar enn þann dag í dag.

Göran Christenson

Helztu æviartiði

1849

Carl Fredrik Hill fæddist 31 maí í Lundi, Svíþjóð.

1870

Hann lauk stúdentsprófi frá Katedralskólanum í Lundi og stundaði nám í fagurfræði við háskólann í Lundi.

1871

Er hann við nám við Listaakademíuna í Stokkhólmi

1873

Hann fer til Parísar og kynnir sér þar verk gömlu meistaranna í Louvresafninu.

1874

Hann dvelur í Barbizon og málar. Í hópi kunningja hans eru m.a. Max Liebermann, Michael Munkászy og Laszlo Paál.

1875

Anna systir hans deyr. Verk eftir hann er sýnt á Parísarsýningunni. Hann dvelur í Fontainbleu og málar og er mikill aðdáandi verka Camille Corot. Í júnímánuði dvelst hann í Montigny og málar. Hann fer í heimsókn til Svíþjóðar um sumarið. Faðir hans deyr.

1876


Impressionistasýningin í París. Hann fær ekki verk eftir sig tekið til sýningar á Parísarsýningunni. Hann dvelst í champagne í apríl og maí. Hann notar ljósari liti í myndum sínum. Í júni og júlí er hann í Montigny og í ágúst dvelst hann í Luc-sur-Mer.

1877

Enn er verki eftir hann, sem hann sent til Parísarsýningaráinnar, hafnað. Í maí, júní og júlí dvelst hann í Bois-le-Roi, í september er hann í Champagne. Hann málar af mikilli elju fyrir Heimssýninguna 1878. Um haustið fer að bera á sjúkdómi hans, kleyfhusasýki.

1878

Í byrjun ársins er hann tekinn inn á geðsjúkrahæli dr Blanche. Flest verka hans frá þessum tíma hafa eyðilagzt.



1880-82

Um sumarið 1880 var hann fluttur til S:t Hans Hospital í Hróarskeldu, Danmörku.

1882-83

Hann dvelur á Lunds Hospital

1883-1911

Hann nýtur hjúkrunar og umhyggju móður sinnar og Heddu, elztu systur sinnar. Hann fer til Kaupmannahafnar og Stokkhólms. Hann deyr 22. febrúar 1911, 62. ára gamall.

Skrá

allar teikningarnar eru í eigu Malmö Museum (MM)

Úr hallarmyndaröðinni, tússmyndir

1. Inni í höll
MM 19.385, 56.5 × 66 sm
2. Inni í höll
MM 19.386, 56.5 × 66.5 sm
3. Inni í höll
MM 19.400, 56.5 × 67 sm
4. Inni í höll
MM 19.401, 56.5 × 66.5 sm
5. Inni í höll
MM 19.424, 56 × 67 sm
6. Inni í höll
MM 19.425, 56 × 66.5 sm
7. Inni í höll
MM 19.426, 56.5 × 66.5 sm
8. Inni í höll
MM 19.427, 56 × 66 sm
9. Inni í höll
MM 19.766, 56 × 66.5 sm
10. Inni í höll
MM 19.488, 56.5 × 67 sm

Úr veraldarsögu Wallis, tússmyndir

11. Úr veraldarsögu Wallis
MM 19.393, 57 × 66.5 sm
12. Úr veraldarsögu Wallis
MM 19.396, 56.5 × 66.5 sm
13. Úr veraldarsögu Wallis
MM 19.387, 56 × 66.5 sm
14. Úr veraldarsögu Wallis
MM 19.405, 56 × 66.5 sm
15. Úr veraldarsögu Wallis
MM 19.406, 57 × 66.5 sm
16. Úr veraldarsögu Wallis
MM 19.407, 57 × 66.5 sm
17. Úr veraldarsögu Wallis
MM 19.408, 57 × 66.5 sm


18. Úr veraldarsögu Wallis
MM 19.411, 56 × 66.5 sm
19. Úr veraldarsögu Wallis
MM 19.414, 56 × 66 sm
20. Úr veraldarsögu Wallis
MM 19.415, 56.5 × 66.5 sm
21. Úr veraldarsögu Wallis
MM 19.416, 56.5 × 66.5 sm
22. Úr veraldarsögu Wallis
MM 19.422, 56 × 66 sm

Myndsamsetning úr runu nr I, tússmyndir

23. Runa nr I:1
MM 21.671, 34 × 41.5 sm
24. Runa nr I:13
MM 21:720, 34 × 41 sm
25. Runa nr I:18
MM 21.669, 34 × 41.5 sm
26. Runa nr I:23
MM 21:608, 34 × 41.5 sm
27. Runa nr I:34
MM 21.609, 34 × 41 sm
28. Runa nr I:78
MM 21.719, 34 × 41 sm

Myndsamsetning úr runu nr II, tússmyndir

29. Runa nr II:464
MM 21.469, 33.5 × 40.5 sm
30. Runa nr II:471
MM 21.468, 33.5 × 41 sm
31. Runa nr II:472
MM 21.767, 33.5 × 41 sm
32. Runa nr II:474
MM 21.816, 33.5 × 41 sm
33. Runa nr II:475
MM 21.467, 33.5 × 41 sm



34. Runa nr II:476
MM 21.763, 33.5 × 41 sm

35. Runa nr II:479
MM 21.818, 33.5 × 41 sm

36. Runa nr II:812
MM 21.812, 33.5 ± 41 sm

Tvöföld andlit, svartkrítarmyndir

37. Tvöfalt andlit
MM 20.033, 37 × 47 sm

38. Tvöfalt andlit
MM 20.082, 37 × 47 sm

39. Tvöfalt andlit
MM 20.083, 37 × 47 sm

40. Tvöfalt andlit
MM 20.106, 37 × 47 sm

Myndsamsetning, blá- og svartkrítarmyndir

41. Myndsamsetning
MM 19.903, 37 × 47 sm



42. Myndsamsetning
MM 19.916, 37 × 47 sm
43. Myndsamsetning
MM 19.947, 37 × 47 sm
44. Myndsamsetning
MM 19.953, 37 × 47 sm
45. Myndsamsetning
MM 19.957, 37 × 47 sm
46. Myndsamsetning
MM 19.963, 37 × 47 sm

- Úr ballettmyndarununni, rauðkrítarmyndir
47. Ballettmynd
MM 20.747, 17 × 21 sm
48. Ballettmynd
MM 20.749, 17 × 21 sm
49. Ballettmynd
MM 20.751, 17 × 21 sm
50. Ballettmynd
MM 20.752, 17 × 21 sm

- | | |
|--------------------------------------|-----------------------------------|
| 51. Ballettmynd | Afrískt landslag, litkrítarmyndir |
| MM 20.757, 17 × 21 sm | |
| 52. Ballettmynd | 65. Afrískt landslag |
| MM 20.758, 17 × 21 sm | MM 20.955, 17.5 × 21.5 sm |
| 53. Ballettmynd | 66. Afrískt landslag |
| MM 20.760, 17 × 21 sm | MM 38.939, 17.5 × 21.5 sm |
| 54. Ballettmynd | 67. Afrískt landslag |
| MM 20.761, 17 × 21 sm | MM 38.944, 17 × 21 sm |
| 55. Ballettmynd | 68. Afrískt landslag |
| MM 20.762, 17 × 21 sm | MM 46.700, 18 × 22 sm |
| 56. Ballettmynd | 69. Afrískt landslag |
| MM 20.763, 17 × 21 sm | MM 46.703, 17.5 × 21.5 sm |
| 57. Ballettmynd | 70. Afrískt landslag |
| MM 20.765, 17 × 21 sm | MM 46.722, 17.5 × 21 sm |
| 58. Ballettmynd | Austurlandarunan, litkrítarmyndir |
| MM 20.768, 17 × 21 sm | |
|
Kyrralifsmyndir, litkrítarmyndir | |
| 59. Kyrralifsmynd | 71. Austurlandamynd |
| MM 20.795, 17 × 21 sm | MM 21.134, 22.5 × 32 sm |
| 60. Kyrralifsmynd | 72. Austurlandamynd |
| MM 20.981, 17 × 21 sm | MM 21.207, 25 × 32 sm |
| 61. Kyrralifsmynd | 73. Austurlandamynd |
| MM 20.989, 17 × 21 sm | MM 21.222, 24 × 32 sm |
| 62. Kyrralifsmynd | 74. Austurlandamynd |
| MM 20.990, 17 × 21 sm | MM 21.245, 24.5 × 32 sm |
| 63. Kyrralifsmynd | 75. Austurlandamynd |
| MM 20.991, 17 × 21 sm | MM 21.246, 24.5 × 32 sm |
| 64. Kyrralifsmynd | 76. Austurlandamynd |
| MM 20.993, 17 × 21 sm | MM 21.274, 24.5 × 32 sm |

Produktion: Malmö Museum/Svenska Institutet/Svenska Ambassaden Reykjavik
Utställningskommissarie: Göran Christenson
Layout: Jan Clarin
Tryckeri: Zohlmans Tryckeri AB, 1981
Översättning: Gunnar Benediktsson

